

BORGARRÁÐ 12. janúar 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um húsnæði Draumasetursins - MSS23010137

Fulltrúi Flokks fólksins hefur fengið ábendingar um að loka verður hugsanlega húsnæði Draumasetursins að Stórhöfða 15 og er það að kröfu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðis. Fram kemur í upplýsingum frá Draumasetrinu að rekstraraðilar hafi reynt eftir fremsta megni að uppfylla kröfur og nú með kaupum á 32 stk. brunavarnarhurðum, teikningum ásamt uppsetningu vatnsúðakerfis sem kostar fleiri milljónir. Settur hefur verið hringstigi utan á húsið sem flóttaleið, flóttapopp á þak og ýmislegt fleira. Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um þetta mál og hvað það er sem hindrar. Flokkur fólksins hefur upplýsingar um að frestur hafi verið gefin til mánaðarmóta. Draumasetrið hefur verið að uppfylla reglugerðir að sögn og hefur sótt um aðstoð við að ljúka þeirri vinnu. Það er áhyggjuefni þegar þetta mál er skoðað að nú stendur einmitt til að leggja af styrki til áfangameimila sem byggir á reglugerð frá 16. desember 2008. Draumasetrið gegnir mikilvægu hlutverki. Hjá Draumasetrinu eru að baki 200 þúsund gistinætur Reykvíkinga.